

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.09.2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar 3. september 2018 í Skagabúð kl. 16:00

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Umsögn um gistileyfi í Skagabúð
2. Persónuverndarstefna Skagabyggðar
3. Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna tillögu að matsáætlun vegna áforma um Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg við Laxá
4. Samningar við minka- og refaveiðimenn
5. Umsókn um nám í tónlistarskóla
6. Lögreglusamþykkt fyrir Norðurland vestra
7. Bréf
 - a) Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu
 - b) Frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu
 - c) Frá SSNV v/ kynningar á íbúakönnun
 - d) Frá SSNV v/ námskeiðs fyrir sveitarstjórnarfólk
8. Önnur mál

1. Umsögn um gistileyfi í Skagabúð

Fyrir fundinum lá bréf frá Birnu Ágústsdóttur f.h. sýslumanns á Blönduósi þar sem farið er fram á umsögn sveitarstjórnar um umsókn Dagnýjar Rósu Úlfarsdóttur f.h. Skagabyggðar um rekstur gististaðar í flokki II í Skagabúð. Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn um umsóknina enda uppfyllir starfsemin skilyrði sem sett eru fram skv. 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Dagný vék af fundi undir þessum lið.

2. Persónuverndarstefna Skagabyggðar

Fyrir fundinum lá tillaga að persónuverndarstefnu Skagabyggðar. Sveitarstjórn yfirfór stefnuna og samþykkti hana. Jafnframt var oddvita falið að vinna drög að vinnsluskram í samvinnu við persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins og ganga frá þeim til birtingar.

3. Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun vegna tillögu að matsáætlun vegna áforma um Þverárfjallsveg í Refasveit og Skagastrandarveg við Laxá

Fyrir fundinum lá tillaga að matsáætlun Vegagerðarinnar vegna nýbyggingar vegar í Refasveit og við Laxá. Skipulags og bygginganefnd hefur tekið erindið fyrir og samþykkir framkvæmdina. Óskað er eftir umsögn Skagabyggðar um fyrirhugaða framkvæmd.

Eftirfarandi umsögn er gefin:

Tillaga þessi gerir nægjanlega grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.09.2018

Skagabyggð gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til, þá valkosti sem leggja á mat á, gagnaöflun sem fyrirhuguð er, hvernig vinna eigi úr gögnunum til að meta umhverfisáhrif og hvernig eigi að setja þau fram í frummatsskýrslu.

Skagabyggð mun gefa út leyfi til framkvæmda hvort sem er framkvæmdaleyfi eða byggingaleyfi þegar tilskilin gögn liggja fyrir.

4. Samningar við minka- og refaveiðimenn

Fyrir fundinum lágu drög að samningum við minka- og refaveiðimenn innan sveitarfélagsins. Oddvita falið að ganga frá samningum við eftirfarandi veiðimenn; Baldvin Sveinsson, Birgir Hauksson, Vignir Björnsson og Jón Helga Sigurgeirsson.

5. Umsókn um nám í tónlistarskóla

Fyrir lá umsókn þess efnis að Skagabyggð greiði hlut sveitafélags í tónlistarskólanámi Freydísar Óskar Kristjánsdóttur í Tónlistarskóla Akraness. Sveitastjórn samþykkir að greiða hluta Sveitafélagsins. Oddvita falið að afla upplýsinga um sambærilega greiðsluþáttöku hjá öðrum sveitafélögum og Akranesi. Einnig að athuga hvort sækja megi mótframlag í Jöfnunarsjóð.

6. Lögreglusamþykkt fyrir Norðurland vestra

Lögreglusamþykkt þessi hefur áður verið tekin til umfjöllunar í sveitarstjórn. Nú er lögreglusamþykktin tekin til umfjöllunar með örlitlum breytingum sem gerðar hafa verið á 24. grein af hálfu stjórnar SSNV. Sveitarstjórn Skagabyggðar samþykkir lögreglusamþykkt þessa og er oddvita falið að senda staðfestingu þess efnis til framkvæmdastjóra SSNV.

7. Bréf

a) Frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu

Bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um niðurstöður starfshóps um aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldishegðun í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Bréfið og skýrslan voru lögð fram til kynningar.

b) Frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu

Bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu þar sem vakin er athygli á að drög að frumvarpi um Þjóðgarðsstofnun séu í umsagnarferli. Bréfið lagt fram til kynningar.

c) Frá SSNV v/ kynningar á íbúakönnun

Niðurstöður úr íbúakönnun á starfssvæði SSNV verða kynntar 19. september kl 12:00 í Eyvindarstofu. Bréfið lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 03.09.2018

d) Frá SSNV v/ námskeiðs fyrir sveitarstjórnarfólk

Námskeið fyrir kjörna fulltrúa á Norðurlandi vestra kjörtímabilið 2018-2022 verður haldið 14. september kl. 10-17 í Félagsheimilinu á Blönduósi. Sveitafélagið greiðir fyrir þá sveitastjórnarmenn sem fara á námskeiðið. Sveitastjórn Skagabyggðar fagnar því að svona námskeið sé haldið en undrar sig á tímasetningunni þar sem vitað mál er að smalamennskur eru í hámarki á þessum tíma.

8. Önnur mál

a) Opnun efnisnámu (ES25) við Hafná. Skipulags- og bygginganefnd hefur tekið erindið fyrir og samþykkt fyrir sitt leyti. Sveitastjórn samþykkir opnun efnisnáunnar og verður hún sett inn á aðalskipulag Skagabyggðar. Auglýsing þess efnis verður birt á heimasíðu Skagabyggðar.

b) Tilnefning fulltrúa í starfshóp um vinnu við framtíðarskipulag SSNV – Dagný Rósa Úlfarsdóttir er tilnefnd sem fulltrúi Skagabyggðar.

c) Sveitarsjórn Skagabyggðar lýsir þungum áhyggjum yfir ástandi Skagavegar (745). Vegurinn hefur mátt þola verulega þungaflutninga vegna efnistöku undanfarin ár. Vegurinn er farinn að láta verulega á sjá og hefur það skapað aukna slyshættu. Slysatíðni á veginum hefur aukist verulega ásamt því að umferðarpungi er mun meiri en vegurinn getur borið. Sveitastjórn telur brýna þörf á úrbótum og skorar á Vegagerðina og yfirvöld samgöngumála að beita sér fyrir þeim strax.

d) Skipulagslýsing fyrir Kálfshamarsvík er komin á heimasíðu Skagabyggðar. Umræður urðu um framkvæmdir í Kálfshamarsvík. Stefnt er að því að sækja aftur um í framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna þessa verkefnis.

Fleira ekki tekið fyrir og fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Magnús Guðmannsson

Karen Helga R. Steinsdóttir

Bjarney Ragnhildur Jónsdóttir